

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvík 1993.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir að halda hund í Bolungarvík, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 425/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 10 500 á ári frá 1. mars 1993 til 30. apríl 1994. Í gjaldinu er innifalin hóptrygging og hreinsun.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 435/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 4 400 í fyrsta skipti, kr. 8 800 í annað skipti og kr. 13 200 í þriðja skipti frá 1. mars 1993 til 30. apríl 1994.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í staflíð c í 2. gr., sbr. og 6. gr. samþykktar nr. 435/1985, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur og staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b í 1. málsg. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 skal vera kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. júní ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutadeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.